

**Sp. 504. Tillaga til þingsályktunar [319. mál]**  
um orkufrekan iðnað á Suðurlandi.

Flm.: Óli P. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því nú þegar að koma á fót orkufrekum iðnaði á Suðurlandi.

Í þeim tilgangi verði m. a. iðnaðarráðuneyti og stóriðjunefnd falið að leita eftir erlendum samstarfsaðila til þessa verkefnis.

**Greinargerð.**

Búseta á Íslandi er ákaflega sérstæð og á sér trúlega hvernig hliðstæðu annars staðar. Er þar átt við þá staðreynd að í höfuðstað landsins, Reykjavík, og næsta nágrenni, á Reykjanesi, búa rúmlega 60% þjóðarinnar.

Ástæður þessa eru vitaskuld margar og aðdragandinn býsna langur. Alla þessa öld hefur þróunin verið í þessa átt — mishröð að vísu — en nánast aldrei stöðvast eða snúist við. Mannfjölgun á Íslandi frá síðustu aldamótum hefur verið um 1,4% að meðaltali á ári. Á sama tíma hefur fjölgunin verið yfir 3% í Reykjavík og á Reykjanesi en innan við 0,5% á landinu utan þess svæðis.

Enda þótt landgæði séu á margan hátt mikil og aðstæður góðar við Faxaflóa og þó að einnig beri að viðurkenna að tiltölulega fjölmenn höfuðborg hjá jafnfámennri þjóð sé heildinni allri til hagsbóta, þá er hér um svo gífurlegan mun að ræða, svo einhliða þróun um svo langan tíma, að sannarlega er þörf á að leita ráða til að beina þessari þróun í aðra átt.

Skýringin á þessari þróun er vitaskuld sú að Reykjavík og Reykjanes hafa haft verulegt aðdráttarafl, sérstaklega eftir að atvinna dróst saman annars staðar á landsbyggðinni samhliða tækniframförum, vélvæðingu og aukinni verkaskiptingu, sem hafa í för með sér bætt lífskjör og vaxandi velmegun.

Hafa verður þó í huga að fólksflutningar úr strjálbýli í þéttbýli hafa orðið um allt land lengst af þessu tímabili, — af sömu ástæðum.

Ef nefna á einn þátt sem öðrum fremur hefur haft úrslitþýðingu um framvinduna undanfarna áratugi ber raforkuna og hagnýtingu hennar hæst. Af eðlilegum ástæðum hefur raforkuvinnslan á Suðurlandi, við Sogsvirkjanir og á Þjórsársvæðinu, verið langmestur hluti framleiðslunnar. Með hringtengingu á síðustu árum dreifist sunnlensk orka nú um allt land. Sem eðlilegt framhald af þessu hefur Alþingi ákveðið að raforkuvinnslan dreifist einnig um landið með fyrirhuguðum stórvirkjunum á Norður- og Austurlandi.

Pegar farið var að hagnýta orku íslenskra fallvatna til orkufreks iðnaðar var orkan af Suðurlandi þýðingarmest, og er svo enn. Ekkert þeirra fyrirtækja, sem nýta þessa orku, er hins vegar á Suðurlandi og hafnleysi suðurstrandarinnar m. a. borið við:

1. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi var reist á árunum 1952—1954 og er elst þessara fyrirtækja.

2. Sementsverksmiðjan á Akranesi var reist á árunum 1956—1958 og var næsta fyrirtæki af þessu tagi.

3. Álverið í Straumsvík (1966) markaði þáttaskil í þessum efnum með eignaraðild erlendra aðila.

4. Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn (1966) varð fyrsta fyrirtækið í orkufrekum iðnaði utan Faxaflóasvæðisins. Verksmiðjan var að auki allfjarri höfn, enda ástæðan staðbundið hráefni. Engu síður varð þessi framkvæmd hin fyrsta á þessu sviði sem sporna átti gegn þeirri búsetuþróun sem bent hefur verið á í þessari greingargerð.

5. Málblendiverksmiðjan á Grundartanga í Hvalfirði (1977) markaði tímamót með meirihluta eignaraðild Íslendinga í félagi við útlendinga. Enn var sunnlensk orka burðarásinn en fyrirtækið reist við Faxaflóa. Hér var að auki annað fyrirtækið í Vesturlandskjördæmi sem byggði á orku af Suðurlandi.

Ekki verður tíundað hér hversu mikill mannaflí hefur atvinnu af öllum þessum iðjuverum, hvað þá í þjónustugreinum þeim tengdum, en víst er að sá mannfjöldi skiptir þúsundum.

Pegar hér er komið sögu finnst bæði þingi og þjóð að tími sé til kominn að efna til orkufreks iðnaðar víðar á landinu en við Faxaflóa. Kísilmálverksmiðja við Reyðarfjörð hefur verið á dagskrá í röskan áratug og álver við Eyjafjörð er a. m. k. mjög til umræðu, enda virkjanir nyrðra og eystra ýmist á framkvæmdar- eða undirbúningsstigi.

Komist þessi áform í framkvæmd mun það treysta byggð í þessum fjórðungum, bæta heildarhag og stuðla að heilbrigðari búsetuþróun en hér hefur áður verið.

En Suðurland, sem fram að þessu hefur lagt til meginhluta allrar orku þjóðarinnar, ber hins vegar enn skarðan hlut frá borði í þessum efnum.

Um þessar mundir eru hins vegar að verða tímamót í atvinnuþróun á Íslandi. Knúðið er á um að leita nýrra leiða til að finna ný störf á áður óþekktum sviðum. Frumatvinnugreinar þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, taka ekki við meiri mannafla um fyrirsjáanlega framtíð, hlutfallslega a. m. k. Iðnaður verður lausnarorðið í æ ríkari mæli, auk þjónustugreina.

Enda þótt mönnum hafi verið þetta ljóst um alllangt skeið er hægara sagt en gert að leggja grunn að hagkvæmari iðnþróun. Með flestum þjóðum tekur nokkrar kynslóðir að breyta svo um sem hér hlýtur að verða. Enn verður að leggja svo sem kostur er áherslu á úrvinnslu þess hráefnis sem landið og sjávarafli gefur af sér. Reynolds annarra þjóða, svo sem granna okkar Norðmanna, hefur einnig sýnt að farsæld fylgir því að sækja fram á sem flestum sviðum í senn og smár iðnaður dafnar oft vel í tengslum við og í skjóli orkufreks iðnaðar.

Suðurland hefur á undanförnum áratugum verið sá hluti landsins þar sem hlutfallslega flestir starfandi manna hafa haft atvinnu af frumatvinnugreinunum tveimur, sjávarútvegi og landbúnaði. Það gegnir því engri furðu að harðast bitni á þeim fjórðungi þegar þessar atvinnugreinar geta ekki lengur tekið við nýju fólki.

Eins og áður segir hefur sunnlenskt afl knúðið flest þau orkuver sem nú mala íslenskri þjóð gull. Hafnleysi suðurstrandarinnar hefur hins vegar orðið orkufrekum iðnaði á Suðurlandi þrándur í götu fram að þessu. Engu síður hefur tækni fleytt fram á síðustu árum á sviði hafnargerðar, jarðvegsflutninga og annars þess sem til þarf í þessu efni.

Það er hátt til loftis og vítt til veggja á Suðurlandi, ef svo má að orði komast í þessu sambandi. Þess vegna er lítil hætta á loftmengun, enda búnaður nú orðið vandaður til varnar slíku. Þéttbýli er nauðsyn í þessu sambandi en nú búa tæplega 8000 manns í þéttbýli Flóa og Ölfuss. Nefnd, sem unnið hefur að athugun á staðarvali fyrir næstu stórfyrirtæki Íslendinga í orkufrekum iðnaði, hefur komist að þeirri niðurstöðu að á Suðurlandi væri að finna einn þriggja álitlegustu staða í þessu efni.

Sú slæma þróun sem hér hefur verið dregin á, í frumatvinnugreinunum báðum, hefur þegar sagt til sín í mannfjöldapróuninni á Suðurlandi. Árið 1984 varð 0,9% meðaltalsfjölgun íbúa á landinu. Fólksfjölgun á Suðurlandi varð það ár einungis 0,33%. En þá bregður hins vegar svo við að bein fækkun verður í öllum sýslunum þremur austan fjalls, og þeim mun meir sem austar dregur. Í Árnessýslu varð fækkunin 0,12%, í Rangárvallasýslu varð fækkunin 1,06% og í Vestur-Skaftafellssýslu varð fækkunin 1,34%. Hins vegar varð fjölgun í kaupstöðunum tveimur, 1,31% í Vestmannaeyjum og 1,88% á Selfossi.

Af því sem hér hefur verið nefnt er ljóst að tími er til kominn að byggðirnar austan heiðar fái notið þeirra gæða sem héraðið gefur af sér í orku fallvatnanna. Enn fremur er ljóst að fram undan er varnarbarátta á þessu svæði til þess að koma í veg fyrir fækkun fólks og þann vanda sem slíku fylgir.

Í trausti þess að vilji og skilningur alþingismanna sé Sunnlendingum hliðhollur er tillaga þessi til þingsályktunar flutt.